

Ljósmyndir — málverk


Myndlist

Valtýr Pétursson

Í vesturhluta Kjarvalsstaða eru nú tvær sýningar, önnur í hefðbundnum listsýningarstíl, það er að segja: Málverk og vatnslitamyndir, hin hefur að bjóða ljósmyndir og er á gangi fyrir framan Vestursalinn.

Það er ungur Reykvikingur, Páll Reynisson, sem sýnir þarna ljósmyndir, en hann hefur stundað nám í Svíþjóð í ljósmyndun og er nú starfandi við sjónvarpið. Hann beitir hefðbundnum aðferðum við sumar af þessum ljósmyndum, við aðrar fer hann nokkuð óvenjulegar leiðir. Sumar þessar myndir eru gerðar eftir fleiri en einni plötu, og koma þá í ljós ýmiss tæknibrógd, er ljósmyndarinn sjálfur hefur útskýrt, og verður það ekki endurtekið hér. Þetta eru laglegar ljósmyndir, þær eru fáar

komi það fyrir, að allt falli í ljúfa löð og sérstaklega á þessi aðfinnsla við um litamedferð Guðmundar Karls, sem stundum nær hvergi tilgangi sínum. Samt ætla ég að benda á það, sem mér varð geðfelldast á þessari sýningu, en það voru no. 15 (olíumynd), no. 37 og 53, báðar vatnslitamyndir. Eins og sjá má af þessum línunum, er ég ekki mjög hrifinn af þessari sýningu í heild, og raunverulega hef ég ekki miklu við þetta að bæta. Samt langar mig til að ítreka það hér, að stíltegundin skiptir ekki máli um það, hvort gott eða lélegt listaverk verður til. Hvort menn mála figuratíft eða abstrakt er ekkert atriði. Það er litsjónin, myndbyggingin og túlkun hvers og eins, sem ræður úrslitum. Listaverkið verður metið og virt eftir þeim frumatriðum, og þegar þessa þætti vantar eða þeir falla í skuggann af yfirborðspokka og sætum litum, vantar það sem við á að éta, eins og sagt er.



Guðmundur Karl Ásbjörnsson við eitt af málverkum sínum.

og fara vel þarna á ganginum. Einkum og sér í lagi var það ein mynd, sem mér fannst bera af á þessari sýningu, en það var No. 15 „Dagar og nætur“, einnig varð mér minnisstæð mynd No. 4. „hvítt tré“. Sumt er þarna í lit og annað í litum, ekki get ég að því gert, en mikið finnst mér alltaf ljósmyndin skila sér best, þegar hún er látin segja sína sögu á sem ljósastan hátt án allskonar kúnsta sem á stundum eiga lítið eða ekkert erindi við sjálfmyndefnið.

Guðmundur Karl Ásbjörnsson er með sýningu á verkum sínum í Vestursal. Þarna eru hvorki meira né minna en 95 myndir til sýnis, megnið af því vatnslitamyndir og svo nokkrar olíumyndir. Guðmundur Karl hefur oft verið þátttakandi á sýningum hér og haldið einkasýningar. Hann er verseraður í fræðunum og hefur víða farið og dvalið löngum erlendis. Hann er fyrst og fremst landslagsmálari, hvort heldur hann stundar olíumálverk eða brúkar vatnsliti. Hann heldur sig við hefðbundnar aðferðir í báðum tilfellum, og væri ekki ósanngjarnt að benda á nokkuð mikil áhrif frá Ásgrími heitnum Jónssyni í sumum verka hans, en Ásgrímur var meistari á sínu sviði og því ekki fráleitt, að það komi fyrir, að áhrif af myndgerð hans sjáist í verkum þeirrar kynslóðar, sem tók myndgerð hans í arf. Það er svo álitamál, hvort Guðmundur Karl hafi grætt nokkuð á þessum viðskiptum.

Þetta er afar venjuleg sýning í flestum atriðum. Guðmundur Karl er ekki mjög frumlegur listamaður að mínu mati, og verk hans segja mér ekki mikil tíðindi. Það koma að visu þarna kaflar, sem segja mætti um, að væru snarpir spreittir, en það er eins og oftar

Sveinn Björnsson hefur verið stórtækur í málverkinu, allt frá því hann hætti á togurum hér á árunum og fékk sér starf, sem gerði honum fært að stunda málverkið jafnhliða braudstritinu. Hann byrjaði mjög vel, og mér er í fersku minni myndir Sveins, er hann gerði í frítímum sínum frá fiskiríi og navigation. Þær voru að visu misjafnar, en sumar þeirra vottuðu um ótvíráða hæfileika. Svo liðu stundir, og það gekk á ýmsu í málverki Sveins. Um tíma hélt maður að hann hefði bókstaflega misst öll tök á málverkinu, en svo fór jafnt og þétt að rofa til hjá Sveini. Nú hefur hann efnt til sýningar í Austursal á Kjarvalsstöðum, og enn er þó nokkur sjógangur í verkum Sveins. Enda þótt hér sé nokkuð misjöfn sýning á ferð, má finna það besta, er Sveinn hefur látið frá sér fara á þessari sýningu, að mínum dómi.

Ég fæ ekki betur séð en mikil tíðindi hafi gerst með Sveini Björnssyni. Hann heggur stórum og hefur hreinsað mikið til á litaspjaldi sínu. Hann er sá af listamönnum okkar, sem fer



Nýútskrifaður leikhópur Nemendaleikhússins.

Tíminn líður í hring

Leiklist

Jóhann Hjálmarsson

Nemendaleikhúsið, Leiklistarskóli Íslands:
MÍDJARÐARFÖR
eða innan og utan við þröskuldinn eftir Sigurð Pálsson.
Leikstjóri: Hallmar Sigurðsson.
Leikmynd og búningar: Gretar Reynisson.
Lýsing David Walters.

„Ég geng í hring/ í kringum allt sem er,“ orti Steinn Steinarr. Þessi orð gerir leikhópur Nemendaleikhússins að sínum. Sigurður Pálsson lætur Ósk segja: „Tíminn líður í hring og þetta er allt í þykjustu.“ Líka er minnt á guðinn „sem dreymir okkur sem lifum.“

Steypuhrærivél undir málverki af Jóni Sigurðssyni og fleiri merktum mönnum dregur úr hátíðleikanum, hinum oft og

tíðum upphafna skáldskap sem Sigurður Pálsson ber á borð. Textinn er ljóðrænn og stundum fullgilt ljóð, en hversdagslegar orðræður eru þó áberandi. Sigurður Pálsson stundar mjög orðaleiki í ljóðum sínum; það gerir hann einnig í Miðjarðarför.

Efnislega er í Miðjarðarför lýst ýmsu því sem einkennir ungt fólk í leit að einhverju. Leikritið hefst á leit og endar í óvissu, m.a. er sýnd martröð vímugjafa sem leiða tortímingar. Það er að visu hægt að gera sér til dundurs að ráða tákni leikritsins og freista þess að túlka hvað höfundurinn á við með einstökum atriðum. Mestu skiptir að allt er gert í anda tilrauna; bygging verksins snýst vissulega um ferðalag með nið hafs í fjarska ásamt ýmsum öðrum hljóðum, en það eru hinar myndræna smámyndir sem verkið stendur og fellur með.

Margt gerðu hinir ungu leikarar vel í þessari sýningu, enda góður hópur á ferð eins og dæmin sanna: Prestsfólkið og Sjúk

æska. En maður hafði það á tilfinningunni að höfundurinn gengi of langt í tilraunum sínum, ekki síst vegna þess hve einhæfar þær eru. Hvað sem les **fragmentaire** líður: „Hið smáa gegn hinu stóra“ eins og höfundurinn kemst að orði.

Þessi sýning var um margt athyglisverð og gæti orðið betri með markvissari vinnubrögðum höfundar. Leikstjórinn Hallmar Sigurðsson kom dyggilega til móts við höfundinn. Sama er að segja um Gretar Reynisson og David Walters, en samvinna þeirra var með ágætum. Sérstaklega þótti mér ljósbeiting kunnáttusamleg.

Sá hópur sem nú útskrifast úr Leiklistarskóla Íslands og túlkaði að þessu sinni unglina, foreldra og utangáttaverur hefur á heillavænlegan hátt sett svip sinn á liðið leikar. Þau eru Edna Heiðrún Backman, Eyþór Árnason, Helgi Björnsson, Kristján Franklin Magnús, María Sigurðardóttir, Sigurjóna Sverrisdóttir og Vilborg Halldórsdóttir.

Sýning Sveins

Myndlist

Valtýr Pétursson

einna sérstökustu leið í myndgerð sinni, og það mætti segja mér að unga fólkið sem heldur sig við hið svokallaða nýja málverk, muni finna sálufélaga í Sveini, en samt hefur Sveinn þann vinning að hann hefur margra ára reynslu og tækni að baki sér, og einmitt þess vegna kemur hann skilaboðum sínum svo miklu betur í höfn en margur af þeim yngri, sem sniðgengið hafa tæknimenntun og halda sig oft á tíðum merkilegri en efni standa til. Hafi nokkur maður málað í expressionískum anda hér á landi, er það Sveinn

Björnsson. Og hann er ekkert að tvítna við hlutina. Sýning Sveins er bæði hressileg og lifandi, þrátt fyrir það sem miður fer, en það kemur sannarlega fyrir á stundum hjá Sveini. Sem sagt: Þetta er nokkuð misjöfn sýning, en það besta þarna er af þeim gæðaflokki, að sjaldséð er hér á landi. Máli mínu til stuðnings vil ég benda á nokkur verk, þar sem Sveini hefur tekist að skapa það gott málverk, að það kemur manni á óvart. Þessi verk eru öll olíumálverk, en það eru nokkrar teikningar og einnig vatnslitamyndir á þessari sýningu.



ingu. Ég verð að taka það fram strax, að hinar risastóru myndir Sveins finnst mér hvergi nálgast þau verk sem ég tel hér upp: nr. 2 Sjálfmynd, magnað verk, nr. 9, nr. 19, eitt besta verk á sýningu Sveins, og nr. 25, 37, 44, sem ber af stóru verkunum. Nr. 49, 58 og Bréf til þín, nr. 32. Allt eru þetta merkileg verk, sem bera Sveini ágætt vitni sem málara. Teikningar Sveins eru nokkuð sér á báti og ekki komast þær eins inn að mér og þau verk sem ég hef hér bent á. Sama er um vatnslitamyndirnar að segja. Þær eru afar misjafnar og hafa ekki sama litakraft og það sem hann vinnur í olíu.

Sveinn Björnsson er feiknalega afkastamikill málari, þegar þess er gætt, að hann er fullan vinnudag í öðru starfi, jafnframt því að mála eins og hann gerir. Hann er skáldlegur myndlistarmaður sem sér hlutina í persónulegum óraunsejum heimi. Það er hans eigin heimur og er ekki fenginn að láni frá öðrum. Þegar honum tekst að hemja lit og hugmyndaflug, gerir hann góða hluti, en hann á það til að koma með skammtinn ósöðinn, ef svo mætti að orði kveða.

Það eru hundrad verk á þessari sýningu Sveins, og það fer ekki framhjá neinum, sem skoðar þessa sýningu vel, að þarna fer maður, sem hefur orðið að berjast fyrir hverju einasta verki, sem hann lætur frá sér fara. Með þessari sýningu virðist mér Sveinn ná mjög sterkri aðstöðu í íslenski myndlist og að lokum vil ég undirstrika að þessi sýning er viðburður þrátt fyrir þá augljósu annmarka sem á henni eru.